

Hverfisráð Hríseyjar

65. fundur

Aðalfundur Hverfisráðs Hríseyjar haldinn miðvikudaginn 12. 12 2012 kl 17:00 í Hlein. Á fundinn mættu: Hverfisráð Ingimar Ragnarsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Júlíus Freyr Theódórsson, ásamt Geir Kristni, Eiríki og Oddi Helga, 29 fundargestir mættu.

Dagskrá:

1. Ávarp bæjarstjóra. Afsakaði kökuleysið. Ítrekaði að hann og aðrir væru til staðar til að taka á málum frá okkur Hríseyingum.
2. Ingimar Ragnarsson las skýrslu stjórnar.
3. Kostning í Hverfisráðið. Ingibjörg Guðmundsdóttir og Ingimar Ragnarsson buðu sig fram til áframhaldi setu í ráðinu. Anton Már Steinarsson bauð sig fram og var þessi hópur samþykktur með lofaklappi.
4. Spurning um frágang grendarstöðva. Eiríkur svaraði því til að hann hafi haldið að það ætti að ganga frá stöðvunum í sumar. Vissi ekki af hverju það hefði tafist.
5. Ábending um hversu iðnaðarmenn flytja mikið bíla yfir með ferjunni. Bent á kostnað og að bíll sé til staðar í eyjunni. Hver borgar reikninginn? Akureyrarbær borgar hýfingar og akstur.
6. Ábending um að vöntun á biðskýli eða hús fyrir handan t.d. salerni. Einnig að huga þurfi að aðkomu/ gönguleið fyrir íbúa á bryggjunni og tröppur að skemmunum. Bent á að hálkuverja þurfi bryggjusvæðið.
7. Umræða um áætlunarferðir. Hverjir sjá um útboð á verkinu? Landshlutasamtökin sjá um þetta, þ.e. Eyjaþing. Geir benti á að í síðasta útboði hefi Hrísey ekki komist inn í útboðið, það hafi ekki hentað. Sagði frá því hvernig beinagrind væri komin að strætókerfi og að það ætti eftir að tengja alla minnistaði inn í það kerfi. Ferðirnar frá Siglufirðu eru tengdar við ætlunarferðir Strætó til Reykjavíkur.
8. Ábending um að merkja þurfi Hrísey betur inn á kort/ skylti við þjóðveginn.

9. Spurning um hvenær „Jóránn“ fari aftur í gang. Bilun veldur því að hún er ekki í gangi. Þörf á að stækka vélina. Vísað til fyrri fundar sem þessi mál veru rædd. Eiríkur benti á að gerð moltu væri dýrari en urðun. Ýmis umræða um flokkunarmál.
10. Fyrirspurn um sparkvöll fyrir krakkana. Ekki á fjögura ára áætlun. Eiríkur ætlar að kynna sér samning sem var í gangi við KSÍ.
11. Umræður um læknamál, heilsugæsla og sjúkraflutningar. Óánægja íbúa mikil með skerta þjónustu heilugæslunnar. Hálfur dagur fer í læknisferð til Dalvíkur. Fram kom að bærinn hafi boðið heilugæslunni að fella niður húsaleigu en samt hafi kostnaðurinn verið of mikill. Mjög mikilvægt að ganga frá samningum um sjúkraflutninga. Bent var á að aldrei hafi verið gerður samningur við Björgunarsveitina um flutninga og því engir peningar komið inn fyrir það en töluverður kostnaður hafi hlotið fyrir sveitina. Ferjan heldur ekki með þjónustusamning. Ábending um að það taki sjúkrabíl styttri tíma að koma á Sandinn frá Akureyri en frá Dalvík. Ýmsar umræður um tilhögnun t.d. flutning til Heilugæslu Akureyrar, mánaðarlegar heimsóknir læknis í eyjuna o.fl..
12. Geir spurði hvernig hafi gengið ferðamálasumarið. Mikil aukning í komu ferðamanna. Samningur um rekstur Jörundarhúss og Holt er laus um áramót. Linda kynnti að tveir starfsmenn hafi verið í fullu starfi tvo mánuði í sumar en taldi að hækka þyrfti styrkinn því fjölgun ferðamanna kalli á aukna þjónustu. Oddur benti á að öll söfn á svæðinu væri í sverti. Ýmis umræða t.d. kynningarherferð fyrir sveitarfélagið, Saga Travel og þeirra samstarf við ferðamálafélagið o.fl..
13. Fyrirspurn um millilandaflug til og frá Akureyrarflugvelli. Þau mál eru öll í bið. Verið er að leita samstarfaðila. Bið verður á framkvæmdum við fluglaðið o.fl..
14. Spurning um viðhald vega í Hrísey.
15. Afmælispeningar. Hverfisráð fær til ráðstöðvunar 1 milljón til umhverfismála. Algjör viðbót við önnur mál. Áhersla á bætt umhverfi. Allar hugmyndir velþegnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:30

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Ingibjörgu Guðmundsdóttur